

Stefnuskrá

Vinstri grænna á Akranesi

fyrir bæjarstjórnarkosningar 2010

Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill taka þátt í að skapa og styðja við sterkt og heilbrigt samfélag þar sem allir einstaklingar og fjölskyldur fá jöfn tækifæri til virkni, vaxtar og þroska. Samspil einstaklinga og umhverfis, menningar og atvinnu, forvarna og framkvæmda, innra starfs og skipulags, verður að byggja á jafnvægi til að heildin verði sterk.



Sjálfbær þróun er eitt af grundvallarmarkmiðum Vinstri grænna. Það merkir að hverri kynslóð ber að skila umhverfi sínu til hinnar næstu í jafngóðu eða betra ástandi en hún tók við því sjálf. Sjálfbær þróun byggir á jafnvægi þriggja stofna, sem eru þessir:

- **Félagsstofn**
- **Efnahagsstofn**
- **Umhverfisstofn**

Þessa stofna gera Vinstri græn á Akranesi að burðarásun í stefnuskrá sinni fyrir bæjarstjórnarkosningarnar 2010.

Stefnumálin eru bæði úrlausnarefni komandi kjörtímabils og framtíðarsýn til lengri tíma.



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

FÉLAGSSTOFN

Jöfnuður allra þegna, án tillits til búsetu, menntunar, starfs, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, litarháttar, trúar eða annarra eiginleika, skoðana eða aðstæðna, sem kunna að greina okkur að, er forsenda heilbrigðs samfélags.

Vinstri græn vilja byggja velferðarsamfélag þar sem fólk tekur höndum saman á jafnréttisgrundvelli og myndar þannig sterkt mótvægi við þau öfl sem aðhyllast aðgreiningu og misskiptingu auðsins.

UPPELDIS- OG FJÖLSKYLDUMÁL

Vinstri-græn vilja:

- hafna öllum hugmyndum um einkavæðingu og einkarekstur á grunnþáttum velferðarkerfisins
- vinna að því að á Akranesi þurfi enginn að búa við fátækt, ofbeldi eða einsemd
- efla enn frekar heilsugæslu og heilsuvernd, þ.á m. á sviði geðhjálp og félagslegrar ráðgjafar
- koma á gjaldfrjálsum leikskóla fyrir öll börn frá lokum fæðingarorlofs
- að staðið verði vörð um skólana, leik-, grunn-, tónlistar- og framhaldsskóla og að þær aðhaldsaðgerðir sem ráðist hefur verið í, verði endurskoðaðar reglulega
- hefja undirbúning að byggingu nýs grunnskóla í Skógahverfi
- koma á gjaldfrjálsum skóladegi í grunnskóla með hollum skólamáltíðum og dagvistun
- að allir sem þess óska eigi kost á tónlistarnámi
- að tryggð verði eðlileg endurnýjun á búnaði skólanna
- styrkja íþrótt- og tómstundastarf í skólunum á jafnréttisgrundvelli og tengja það forvarnarstefnu
- hlúa að starfsemi íþróttafélaga og annarra félaga sem vinna að æskulýðs-, íþrótt- og tómstundamálum
- að félagsstarfi unglinga verði tryggð viðunandi aðstaða og vinnuskóli eflur
- að tryggt verði að börn á Akranesi geti treyst á þjónustu barnaverndarstarfsmanna allan sólahringinn
- veita nýjum íbúum öfluga aðstoð svo þeir finni öryggi, festi rætur og verði virkir þátttakendur í samfélaginu
- veita íslenskukennslu án endurgjalds og aukna fræðslu fyrir Akurnesinga af erlendum uppruna svo þeir fái notið menntunar sinnar, þekkingar og reynslu



ÖLDRUNARMÁL

Umönnun aldraðra og umhyggja yngri kynslóða fyrir velferð þeirra er augljós mælikvarði á heilbrigði og siðferðisþroska hvers samfélags. Akranesbær hefur alla burði til að taka alhliða forystu í aðbúnaði aldraðra.

Vinstri-græn vilja:

- setja úrbætur í málefnum aldraðra meðal brýnustu forgangsverkefna Akranesbæjar á næstu árum
- óska eftir þjónustusamningi við ríkið um að Akranesbær yfirtaki málefni aldraðra og að þeim málefnum fylgi framlög sem nægja þessum málaflokki
- samþætta heimahjúkrun og -þjónustu ásamt því að bæta kjör og auka menntun starfsfólks
- tryggja að hjúkrunar- og dvalarrými á Höfða sé í samræmi við greiningu á vistunarþörf aldraðra
- styðja við starfsemi Félags eldri borgara á Akranesi og nágrennis. (FEBAN)
- hafa jafnan samstarf við FEBAN um málefni aldraðra



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

MÁLEFNI ÖRYRKJA OG FATLAÐRA

Tækifæri fatlaðra og öryrkja til virkrar þátttöku í samfélaginu eru jafn sjálfsögð og þátttaka annarra borgara. Mikilvægt er að opinber þjónusta sé miðuð við alla jafnt.

Vinstri-græn vilja:

- að í þjónustu við öryrkja og fólk með fötlun sé þörfum einstaklingsins mætt
- hafa jafnan samráð við fatlaða og öryrkja um úrlausn þeirra mála sem að þeim snúa, sbr. kröfu ÖBÍ: Ekkert um okkur án okkar
- að á vegum Akranesbæjar verði ávallt í boði fyrsta flokks þjónusta fagstétta sem starfa með öryrkjum og fólk með fötlun, svo sem þroskaþjálfar, iðjuþjálfar, sjúkraþjálfar og sérkennara
- að þeir sem standa fyrir tómsundastarfi aðlagi það að þörfum fatlaðra
- lagfæra hið bráðasta gangbrautir og stíga bæjarins ásamt aðgengi að fyrirtækjum og stofnunum með hliðsjón af þörfum fatlaðra
- halda áfram uppbyggingu í húsnæðismálum fatlaðra
- að starfsemi endurhæfingarmiðstöðvarinnar HVER verði eflað

AKRANES ÁN EITURLYFJA OG OFBELDIS

Akurnesingar þurfa að taka höndum saman um að bærinn verði án eiturlyfja og ofbeldis af hvaða toga sem er, enda ljóst að þetta tvennt tengist órjúfanlegum böndum.

Vinstri-græn vilja:

- hafna hugmyndum um sölu áfengra drykkja í almennum verslunum
- efla forvarnir gegn fíkniefnaneyslu með aukinni samvinnu allra þeirra sem málið varðar
- vinna markvisst forvarnastarf gegn ofbeldi og efla samstarf við lögreglu og heilbrigðisyfirvöld um lausn á ofbeldismálum
- að unnið verði markvisst að upprætingu heimilisofbeldis með umræðu og fræðslustarfi



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

EFNAHAGSSTOFN

Akraneskaupstaður þarf að eiga öflugt samstarf við nágrannabyggðirnar og ríkisstofnanir um þjónustu við íbúana. Traustur fjárhagur bæjarins er sá grunnur sem þjónustan byggir á og ber að viðhalda til framtíðar. Akurnesingar þurfa jafnframt að kappkosta að halda sínum hlut gagnvart höfuðborgarsvæðinu, því hin mikla nálægð við það getur bæði gefið og tekið.

ATVINNUMÁL

Trygg atvinna er ein af forsendum heilbrigðs samfélags. Atvinnulífið er undirstaða efnahagsins og órjúfanlegur hluti menningarinnar á hverjum stað. Æskilegt er að á Akranesi þróist blómlegt og fjölbreytt atvinnulíf sem efli samfélagið og geri stofnunum bæjarins kleift að standa undir væntingum íbúa um góða þjónustu.

Vinstri-græn vilja:

- að Akranesbær greiði konum og körlum sömu laun fyrir sömu vinnu
- taka höndum saman við Fjölbautaskóla Vesturlands um eflingu skólans með áherslu á sérstöðu hans. Stofnsettur verði samstarfshópur milli FVA, atvinnulífs og Akranesbæjar til að verja skólann og stuðla að áframhaldandi uppbyggingu hans.
- að skoðaður verði möguleiki á samstarfi milli FVA og Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi varðandi framhaldsskólanám á heilbrigðissviði
- hafa forgöngu um byggingu nemendagarða þar sem meðal annars verði gert ráð fyrir íbúðum fyrir sambúðarfólk
- stuðla að aukinni sérfræðipjónustu Heilbrigðisstofnun Vesturlands Akranesi til að mæta vaxandi þörf samfélagsins
- laða til bæjarins fyrirtæki á sviði hátækni og rannsókna
- stuðla að auknum og fjölbreyttum viðfangsefnum fyrir Fjöliðjuna
- treysta hlutverk og verkefni Akraneshafnar innan Faxaflóahafna sf.

FERÐAÞJÓNUSTA

Ferðaþjónusta er sívaxandi atvinnugrein sem býr yfir miklum vaxtarmöguleikum. Hin minnsta aukning gesta hlýtur að vera fagnaðarefni. Almennur áhugi og færni Akurnesinga í íþróttum skapa bænum skilyrði til að halda fjölmenn íþróttamót á landsvísu. Safnahverfið að Görðum er vinsæll áningastaður tugþúsunda ferðamanna.

Vinstri-græn vilja:

- koma á fót sjálfstæðri upplýsingamiðstöð ferðamála miðsvæðis í bænum, þar sem unnið verði markvisst að þróun og eflingu ferðaþjónustunnar sem öflugrar atvinnugreinar
- auka markvisst kynningu á Akranesi sem áfangastað í samvinnu við ferðamálasamtök á Vesturlandi
- taka höndum saman við nágrannasveitarfélögin við að virkja þá möguleika sem felast í menningartengdri ferðaþjónustu
- vinna að öflugri markaðssetningu Akraness sem ákjósanlegs staðar fyrir íþróttaiðkun og íþróttamót
- að bæjaryfirvöld styðji við handverksfólk á Akranesi
- stuðla að auknu framboði á gistirými
- Hafa tilbúin svæði sem geta tekið við tjaldgestum sem tengjast íþróttamótum og öðrum stærri viðburðum



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

MENNINGARMÁL

Öflug menningar- og listastarfsemi er hverju sveitarfélagi nauðsyn og hornsteinn blómlegs mannlífs. Því ber bæjarfélaginu að hlutast til um að það verði sem fjölbreyttast og gróskumest.

Vinstri-græn vilja:

- vinna ötullega að viðhaldi fasteigna Akranesbæjar ásamt umhverfi þeirra
- standa myndarlega að baki Listasetursins Kirkjuhvols og Skagaleikflokksins
- tryggja að Byggðarsafnið að Görðum verði áfram í eigu Akraneskaupstaðar og Hvalfjarðarsveitar.
- setja af stað vinnuhóp sem mun greina þarfir Byggðasafnsins í framtíðinni.
- efla sem kostur er menningartengsl við Írland og hina árlegu sumarhátíð, Írská daga, sem fjölbreytta og metnaðarfulla menningar- og fjölskylduhátíð
- styðja tónlistarfólk á Akranesi til veglegrar tónlistar- og menningarhátíðar ár hvert
- sjá grasrótastarfsemi hljómsveita á Akranesi fyrir æfingarhúsnæði
- styrkja og efla Vökudaga sem vettvang fyrir listamenn frá Akranesi

VIRKT ÍBÚALÝÐRÆÐI - ÖFLUG STJÓRNSÝSLA

Virk þátttaka bæjarbúa í allri stefnumótun og ákvarðanatöku er forsenda lýðræðislegra stjórnarhátta. Boðleiðir milli íbúa og bæjaryfirvalda þurfa að vera greiðar og skýrar. Virkt íbúalýðræði auðveldar jafnframt kjörnum fulltrúum og starfsfólki bæjarins að koma málum farsælega til leiðar.

Vinstri-græn vilja:

- að mótuð verði jafnréttisstefna fyrir Akranesbæ í upphafi hvers kjörtímabils eins og lög um jafnan rétt karla og kvenna kveða á um
- stuðla að sem virkasti þátttöku bæjarbúa í allri stefnumótun, svo sem með íbúáþingum, viðhorfskönnunum og kosningum um allar meiriháttar ákvarðanir
- tryggja að sjónarmið allra þeirra stjórnsmálaflokka sem setu eiga í bæjarstjórn fái notið sín í umræðu og við undirbúning einstakra mála, svo tryggja megi sem víðtækasta samstöðu og sátt bæjarbúa um veigamiklar ákvarðanir
- að fagleg sjónarmið verði höfð í huga varðandi skipun í nefndir og ráð
- efla starfsemi og þjónustu Áhaldahúss bæjarins, svo það verði fært um að sinna af myndarskap tilfallandi verkefnum
- að við gerð þjónustusamninga á vegum bæjarins verði fyllsta jafnræðis gætt og fagleg sjónarmið látin ráða
- að Akranesbær taki upp notkun opins hugbúnaðar
- að starfsmenn og notendur þjónustu, komi að vinnslu sparnaðarhugmynda



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

UMHVERFISSTOFN

Umhverfi okkar er fjölþætt. Sumt er manngert eða hefur tekið breytingum vegna sambúðar okkar við landið, annað er eins og náttúran sjálf hefur fóstorað það. Komandi kynslóðir eiga sama rétt til nýtingar náttúrulegra gæða og við. Áriðandi er að efla vitund almennings um umhverfið og vernda fjölbreytni náttúrunnar - frá Háahnjúk um votlendi til Höfðavíkur.

UMHVERFISVITUND OG FRÁGANGUR ÚRGANGS

Áætlanir eru góðar og nauðsynlegar, en þeim verður að fylgja fjármagn og vilji til framkvæmda. Mestu máli skiptir þá almennur vilji og þátttaka bæjarbúa til að bæta umgengni og ásýnd bæjarins.

Vinstri-græn vilja:

- leggja stöðuga áherslu á að stofnanir bæjarins, fyrirtæki og bæjarbúar vinni samkvæmt markmiðum Staðardagskrár 21
- allar greinar atvinnulífsins og bæjaryfirvöld hafi sjálfbæra þróun stöðugt að leiðarljósi og vinni samkvæmt mótaðri umhverfisstefnu, meðal annars með grænu bókhaldi og umhverfisvænum innkaupum
- draga úr urðun sorps og auka sem kostur er endurvinnslu á pappír, plasti og öðrum endurvinnanlegum úrgangi
- auka fræðslu og samstöðu bæjarbúa um átak í flokkun sorps og jarðgerð á lífrænum heimilisúrgangi
- að í gegnum samstarf Akranesbæjar og sveitafélaganna á Vesturlandi, verði hafin metan taka að Fíflholtum. Í framhaldi af því verði komið upp metan áfyllingarstöð fyrir bíla á Akranesi
- að Akranesbær marki sér stefnu til framtíðar varðandi notkun hreinna orkugjafa
- koma á föstum umhverfisdögum um vor og haust, þar sem ungir og aldnir bæjarbúar sameinast um hreinsunarátak í sínu nærumhverfi undir merkjum skóla, fyrirtækja og hverfasamtaka
- hreinsa reglulega það rusl sem safnast fyrir í fjörum og á víðavangi í bæjarlandinu
- veita árlega verðlaun bæjarfélagsins þeim einstaklingum, fyrirtækjum og hverfasamtökum sem á einhvern hátt skara fram úr á sviði umhverfismála
- efla umhverfisfræðslu og útikennslu um nánasta umhverfi á öllum skólastigum

NÁTTÚRUVERND OG ÚTIVIST

Þrátt fyrir takmarkað landrými geymir útivistarland Akraness margar náttúruperlur sem standa þarf vörð um. Á strandlengjunni frá Leynisvogi að Blautósi eru víða lítt snortnar og fjölbreyttar fjörur með fjölskrúðugu búsvæði lífvera. Friðlandið í Innsta-Vogsnesi með iðandi fuglalífi ásamt landskákinni allri að Elínarhöfða og Kalmansvík er samfelldur unaðsreitur. Akrafjallið er höfuðþrýði byggðarlagsins og vannýtt auðlind til hollrar útivistar og gönguferða. Í bæjarlandinu eru einnig margar náttúru- og menningarminjar, sem hlúa þarf að og merkja.

Vinstri-græn vilja:

- vernda með markvissu átaki allar fjörur í bæjarlandinu sem enn eru tiltölulega ósnortnar (og friðlýsa jafnvel hluta þeirra sérstaklega), hreinsa þær og endurheimta þeirra náttúrulega svipmót þar sem mannshöndin og fráveitur hafa spillt þeim. Skipuleggja jafnframt fjörurnar sem fjölskylduvæn útivistarsvæði og auðvelda aðgengi að þeim
- skipuleggja verndun og aðgengi friðlandsins í Innsta-Vogsnesi með það að leiðarljósi að náttúran njóti vafans og að sem minnst rask verði þar af mannavöldum
- koma upp leiðarmerkjum við hina gömlu þjóðleið frá Innsta-Vogsnesi og niður í Skagann svo hún verði vinsæl gönguleið
- setja upp við gönguleiðir fræðandi upplýsingaskilti um náttúrufar, sögu- og menningarminjar í bæjarlandinu
- koma á samstarfi við bændur og nágrannasveitarfélagið um nýtingu Akrafjalls til útivistar



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar

- efna til hugmyndasamkeppni um gerð ”náttúrulegrar” baðaðstöðu við Mið-Vogslæk
- leggja stöðuga rækt við snyrtingu opinna svæða í bænum, þar á meðal með trjárækt, svo þau verði eftirsóttir og aðgengilegir áningarstaðir vegfarenda
- vinna markvisst að lagningu göngu-, hjólréiða- og reiðstíga í bæjarlandinu og nauðsynlegum umbótum á þeim sem fyrir eru
- efna til hugmyndasamkeppni um nýtingu Langasands sem ylstrandar á landsvísu og unaðsreitar til útivistar og sjóbaða

SKIPULAGS- OG SAMGÖNGUMÁL

Með vönduðu skipulagi er lagður grunnur að byggð til nútíðar og framtíðar. Akurnesingar hafa ekki alltaf gætt sín sem skyldi í þessum efnum, auk þess sem dæmi eru um að vikið hafi verið í fljótræði frá samþykktu skipulagi með slæmum afleiðingum. Samgöngur eru einnig skipulagsmál. Bættar almenningssamgöngur innanbæjar og við höfuðborgarsvæðið er brýnt hagsmunamál allra bæjarbúa í bráð og lengd.

Vinstri-græn vilja:

- hefja markvissa uppbyggingu alls bæjarhlutans sunnan Stillholts með megináherslu á gamla miðbæinn (Akratorgsreitinn) sem fyrsta áfanga að settu marki
- taka til heildarendurmats deiliskipulag alls svæðisins sunnan Esjubrautar með það að leiðarljósi að öll byggðin þróist sem samstæð heild með tilliti til samspils “gamla og nýja” miðbæjarins og svæðisins þar á milli, blöndu íbúðabyggðar, þjónustu og annarrar atvinnustarfsemi, greiðra samgangna, opinna svæða og gróðurreitna, bílastæðahúsa í stað bifreiðastæða ofanjarðar, svo og staðsetningar og þróunarmöguleika ýmissa stofnana
- að almenningssamgöngur innanbæjar og við nágrannasveitafélögin verði eflar
- bæta göngu- og hjólréiðastíga og halda uppi stöðugum áróðri fyrir gildi og hollustu reiðhjólans sem samgöngutækis
- efla eftir þörfum almenningssamgöngur við höfuðborgarsvæðið, milli Akraness og Borgarness, við byggðirnar sunnan Skarðsheiðar og atvinnusvæðið á Grundartanga
- þrýsta á stjórn Spalar ehf. og stjórnvöld um niðurfellingu á veggjaldi í Hvalfjarðargöng



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar